

7.tbl.  
19. feb. 2025  
32 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Kyrrðar- og bænastund Einarstöðum

Kyrrðar- og bænastund verður á Einarstöðum  
næstkomandi miðvikudag, 19. febrúar, klukkan 20:00.

Verið öll velkomin.  
Séra Þorgrímur.

## Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

*Verðskrá:*

*Hálfsíðuauglýsing*  
*heilsíðuauglýsing*

*kr. 4.600.- m.vsk*  
*kr. 6.620.- m.vsk.*

*Hlaupastelpunar er að finna á :*

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

## Auglýsing um skipulag – Þingeyjarsveit



Málsnúmer One System: 2406041

Dagsetning: 29. janúar 2025

## Ferðamannasvæðið við Aldeyjarfoss, Ingvarafoss og Hrafnabjargafoss

### Skipulagslýsing

Unnið er að deiliskipulagi ferðamannasvæðisins við Aldeyjarfoss, Ingvarafoss og Hrafnabjargafoss í Skjálfandafljóti.

Deiliskipulag ferðamannasvæðisins við Aldeyjarfoss, Ingvarafoss og Hrafnabjargafoss í Skjálfandafljóti verður áætlun um uppbyggingu áfangastaða fyrir ferðamenn. Í deiliskipulaginu verður mörkuð heimild til framkvæmda við gerð gönguleiða, endurhönnunar bílastæða, salernisaðstöðu, útsýnispalla og öryggisaðgerða með bættu aðgengi. Skipulagið markar einnig vernd umhverfisins í kring og kemur í veg fyrir skemmdir á landi vegna átroðnings og hentistöðmyndunar sem geta leitt til jarðvegsrofs og utanvegaaksturs.

Skipulagssvæðið nær til Aldeyjarfoss, upp með Skjálfandafljóti og upp fyrir Hrafnabjargafoss. Gönguleiðir og vegir beggja vegna árinna eru innan skipulagssvæðisins eins og nauðsynlegt telst til að gefa heildræna mynd af aðkomu, aðgengi, uppbyggingu og verndun svæðisins.

Tekin hefur verið saman lýsing á skipulagsverkefninu og er hún aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar: [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir máli nr. 105/2025.

Ábendingum og athugasemdum er hægt að skila inn í gegnum skipulagsgáttina til 11. mars með því að smella á hnappinn „*umsagnir*“.



## Vogar 1 – niðurstaða sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. janúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í samræmi við 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið breytingarinnar eru að breyta hluta frístundasvæðis í Vogum 1 í Mývatnssveit í íbúðarsvæði.

Tillaga að breytingu var auglýst, samhliða deiliskipulagi, frá 7. október með athugasemdarfresti til 18. nóvember 2024. Umsagnir og athugasemdir bárust frá RARIK, Minjastofnun Íslands, Jóhanni F. Kristjánssyni, Landvernd, Vegagerðinni, Fjöreggi og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Skipulagsgögn og viðbrögð við umsögnum má nálgast í gegnum skipulagsgátt, mál nr. 122/2023.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til sveitarfélagsins með því að senda póst á [skipulag@thingeyjarsveit.is](mailto:skipulag@thingeyjarsveit.is).